

GJALDSKRÁ

Hafnasjóðs Vesturbyggðar.

1. gr.

Gildissvið

Gjaldskrá þessi fyrir Hafnasjóð Vesturbyggðar er sett skv. 17. gr. hafnalaga nr. 61/2003. Gjaldskráin er við það miðuð að Hafnasjóður Vesturbyggðar geti haft nægar tekjur til þess að standa undir rekstri hafna, sbr. 5. tölulið 3. gr. hafnalaga, þ.m.t. fjármagnskostnaði, afskriftum, kostnaði við endurnýjun hafnanna og stofnkostnaði skv. langtímaáætlun hafnanna. Gjaldskráin tekur breytingum skv. ákvörðun hafnarstjórnar hverju sinni. Virðisaukaskattur, 24% leggst á öll gjöld við útgáfu reikninga.

2. gr.

Hafnargjöld.

Við ákvörðun gjalda, sem taka mið af stærð skipa, skal miða við brúttótonnatölu skipa samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi skv. lögum um skipamælingar nr. 146/2002.

3. gr.

Heimild til gjaldtöku.

Af öllum skipum skal greiða tilheyrandi gjöld til hafnasjóðs, ef þau koma inn fyrir skilgreind takmörk hafnanna skv. hafnarreglugerð nr. 989/2005 fyrir hafnir Vesturbyggðar og njóta þjónustu þeirra.

4. gr.

Lestargjöld.

Af öllum skipum skal greiða lestargjald, 17,80 kr. á mælieiningu, skv. 2. gr., af innlendum fiskiskipum þó ekki oftast en tvisvar í mánuði. Undanþegin greiðslu lestargjalda eru skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

Af skipum yfir 80 brt, flóabátum og ferjum, sem hafa viðkomu í Brjánslækjarhöfn, skal greiða lestargjald, 21,01 kr. á mælieiningu, skv. 2. gr.

5. gr.

Bryggjugjöld.

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða 8,90 kr. á mælieiningu fyrir skip að 20.000 brt en 10,52 kr. fyrir skip stærri en 20.000 brt fyrir hverja byrjaða 24 tíma sem skipið liggur bundið. Fiskiskip sem skila aflagjaldi til Hafnasjóðs Vesturbyggðar greiða þetta gjald eigi oftast en 15 sinnum í mánuði.

Heimilt er að taka lestar- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum sem mánaðargjald, 109,99 kr. á mælieiningu, en þó aldrei lægra en 12.336 kr. á mánuði. Bátar minni en 20 brt greiða þó aldrei lægra en 8.235 kr. á mánuði. Skip samkvæmt 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

Af skipum yfir 80 brt, flóabátum og ferjum, sem hafa viðkomu í Brjánslækjarhöfn, skal greiða bryggjugjald, 10,52 kr. á mælieiningu, skv. 2. gr. fyrir hverja byrjaða 24 tíma sem skipið liggur bundið.

Skip og bátar sem liggja lengur en 6 mánuði við bryggju og eru ekki í rekstri skulu greiða þreföld bryggjugjöld. Skip og bátar sem legið hafa lengur en 12 mánuði við bryggju og eru ekki í rekstri skulu greiða fimmföld bryggjugjöld.

Leggja skal tvöföld bryggjugjöld á skip og báta sem eru í viðlegu vegna annarrar starfsemi en útgerðar þ.e. bátar og skip sem ekki skila afla- eða farþegagjaldi til hafnarinnar.

6. gr.

Vörugjöld.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl, eða úr einu skipi eða fljótandi fari í annað þ.m.t. fóðurpramma, innan takmarka hafnarinnar skv. hafnarreglugerð, þó með þeim undantekningum er síðar getur.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendrar eða erlendrar, en eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land. Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

Af vörum sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálf vörugjald. Af vörum sem fara eiga til útlanda en umskipað er í innlendri höfn skal greiða hálf vörugjald í fyrstu lestunarahöfn. Af vörum sem koma frá útlöndum og fara eiga áfram til útlanda er heimilt að innheimta fullt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar á land.

Um vörugjald af flutningi ferjuskipa skal semja við ferjueiganda sem innheimtir gjaldið ásamt flutningsgjaldi og stendur skil á því til hafnarinnar. Farþegar, bifreiðar þeirra, farangur og vöruflutningar með ferjum og flóabátum, sem njóta styrks samkvæmt vegalögum eru undanþegnir vörugjaldi. Heimilt er þó að taka vörugjöld af vörum í vörugjaldsflokkum 1, 2 og 3, sbr. 8. gr.

Eftirtaldar vörur eru undanþegnar vörugjaldi:

1. Umbúðir sem endursendar eru.
2. Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
3. Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.
4. Úrgangur sem fluttur er til eyðingar.

7. gr.

Álagning vörugjalda.

Vörugjald skal reikna eftir þyngd eða verðmæti með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta höfninni í té afrit af farmskrá. Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn. Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurlíðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

Móttakandi vöru greiðir vörugjald af vöru sem kemur til hafnar eða er landað á fljótandi far. Sendandi greiðir vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfn. Ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi skal afgreiðslumaður skips standa hafnarsjóði skil á greiðslum. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfn fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt. Hafnarsjóður hefur haldsrétt á skráningar- og þjóðernisskírteinum skips til tryggingar gjaldinu. Vörugjald af útflutningi skal auk þess tryggt með veði í útflutningsbirgðum þess aðila er skuldar gjöldin.

8. gr.

Flokkun vörugjalda.

Vörur skal flokka eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og greiðist vörugjald eins og hér segir:

1. fl. Gjald 487 kr. á tonn:
Bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, vikur, kísilgúr, þörungamjöl, sement, áburður og úrgangur sem fluttur er til endurvinnslu.
2. fl. Gjald 829 kr. á tonn:
Lýsi, fiskimjöl og fóður til fiskeldis.
3. fl. Gjald 895 kr. á tonn:

- a) Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, hráefni til iðnaðar og byggingaframkvæmda, pökkuð og niðursoðin matvæli, óáfengar drykkjarvörur og ávextir.
- b) Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara og fatnaður.
- c) Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur og lyf.
- d) Vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd.

Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af bifreiðum ferðamanna, enda ferðast eigendur með sama skipi.

9. gr.

Aflagjald.

Aflagjald 1,60% skal reikna af heildarverðmæti sjávarafla, þ.e. sjávardýr önnur en spendýr, þ.m.t. skrápdýr, liðdýr og lindýr, sem og matvæli sem eru unnin að öllu leyti eða að hluta úr sjávarafla. Aflagjald skal greiða af sjávarafla sem lagður er á land eða í skip innan hafnasvæða til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur úr eldiskvíum og seiði frá seiðastöðvum.

Aflagjald af frystum afla frystitogara reiknast 0,80% af heildarverðmæti aflans.

Gjald af saltfiski reiknast m.v. tvöfalda þyngd afurða. Gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverði ef söluuppgjör berst ekki til hafnarinnar. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra upplýsingar um keyptan afla og afurðir mánaðarlega, t.d. afrit af sölunótum eða þeim gögnum sem skylt er að skila til opinberra aðila.

Við sölu afla til skyldra aðila skv. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 13/1998 um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna, skal miðað við ætlað aflaverðmæti. Ætlað aflaverðmæti er m.v. meðalverð hvernar fisktegundar á Vestfjörðum sem útgefið er af Verðlagsstofu skiptaverðs. Seljanda afla til skyldra aðila ber að afhenda hafnarstjóra upplýsingar um seldan afla mánaðarlega, t.d. afriti af aflaskýrslu til Fiskistofu.

Aflagjald af eldisfiski sem landað er til vinnslu og/eða slátrunar skal reiknast 0,70% af heildarverðmæti aflans. Heildarverðmæti aflans skal miðast við meðalverð eldisfisks skv. Nasdaq vísitölunni á þeim tíma sem eldisfisk er landað til vinnslu og/eða slátrunar í viðkomandi höfn og skal meðalverð eldisfisks reiknað miðað við miðgengi Seðlabanka Íslands hverju sinni skv. e-lið 2. mgr. 17. gr. hafnalaga. Framleiðanda eldisfisks og þess aðila sem tekur við eldisfisk til vinnslu og/eða slátrunar er skylt að afhenda hafnarstjóra upplýsingar um það magn sem landað er til slátrunar og er skylt að afhenda hafnarstjóra upplýsingarnar mánaðarlega. Berist hafnarstjóra ekki upplýsingar um magn eldisfisks eða ef hafnarstjóri telur ástæðu til getur hann hvenær sem er látið ákveða magn eldisfisks á þann hátt sem hann telur hentugast svo leggja megi á aflagjöld. Reynist magnið vera meira en upp er gefið greiðir framleiðandi eldisfisks mismuninn.

Aflagjald fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega. Aflagjald af útflutningi skal auk þess tryggt með veði í útflutningsbirgðum þess aðila er skuldar gjöldin.

10. gr.

Farþegagjald.

Farþegagjald skal tekið fyrir farþega sem fara um hafnir Vesturbyggðar og er 165 kr. á hvern farþega. Farþegar ferja og flóabáta sem njóta styrks samkvæmt vegalögum eru undanþegnir þessari gjalddöku.

11. gr.

Hafnsögugjöld.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt útlögðum kostnaði en þó að lágmarki 12 kr. fyrir hverja mælieiningu skv. 2. gr. Að auki greiðist 8.866 kr. fastagjald og 768 kr. í hafnsögusjóð. Leiga hafnsögubáts með skipstjóra er 30.000 kr. á klst.

12. gr.

Festargjöld.

Hver afgreiðsla starfsmanns hafnar er 13.260 kr. á klst. í dagvinnutíma. Utan hefðbundins afgreiðslutíma greiðist samkvæmt útkalli 20.140 kr. á klst.

13. gr.

Viðlegugjöld.

Bátar undir 20 brt	10.726 kr. á mánuði
Bátar yfir 20 brt	16.970 kr. á mánuði
Legugjald vegna kvíaleigu við básabryggjur (Uppsátursgjald innifalið)	176.230 kr. á ári
Uppsátursgjald	3.809 kr. á mánuði

Veittur er 25% afsláttur fyrir frístundabáta í eigu 70 ára og eldri. Gjald fyrir báta er nýta hafnlegu skemur en 10 daga í mánuði reiknast sem hér segir: Fyrir 1-3 daga 25% af mánaðargjaldi, 4-6 daga 50% og 7-10 daga 75%. Fyrir lengri tíma en 10 daga reiknast fullt mánaðargjald.

Daggjald skútu og skemmtibáta er 3.000 kr.

14. gr.

Siglingavernd (ISPS).

Öryggisgjald er 63.180 kr. fyrir hverja skipakomu. Gjald fyrir farþegavernd er 210 kr. á hvern farþega. Gjald fyrir öryggisgæslu öryggisvarðar er 7.618 kr. á klst. í dagvinnu og 13.660 kr. á klst. í yfirvinnu.

15. gr.

Úrgangs- og förgunargjald.

Almenn sorpgjöld:

a. Bátar að 20 brt á mánaðargjaldi, á mánuði	3.678 kr.
b. Bátar 20-50 brt á mánaðargjaldi, á mánuði	4.598 kr.
c. Bátar yfir 50 brt á mánaðargjaldi, á mánuði	11.821 kr.

Samkvæmt lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004 og reglugerð um móttöku á úrgangi og farmleifum frá skipum nr. 1200/2014, ber skipstjóri ábyrgð á að úrgangi frá skipi sé skilað til hafnar eða viðurkennds þjónustuaðila áður en látið er úr höfn.

Skipstjóri, eigandi skips eða þjónustuaðili skal undantekningarlaust skila útfylltu eyðublaði til viðkomandi hafnar um magn og tegund þess úrgangs sem skilað er á land. Misbrestur á því getur leitt til tilkynningar til Umhverfisstofnunar.

Öll skip, að undanskildum fiskiskipum, skemmtibátum sem ekki mega flytja fleiri en 12 farþega, herskipum, hjálparskipum í flota og skipum í ríkiseign eða ríkisrekstri sem nýtt eru í þágu hins opinbera, sem koma til hafnar skulu greiða gjald til viðkomandi hafnar fyrir móttöku og meðhöndlun á úrgangi frá skipum, sbr. 11. gr. c. laga um varnir gegn mengun hafs og stranda. Annist höfn móttöku og förgun á almennum úrgangi skal gjald greitt fyrir þjónustuna samkvæmt grein þessari fyrir hvern rúmmetra úrgangs. Annist höfnin móttöku á spilliefnum eða sérstökum úrgangi sem hefur í för með sér kostnað umfram förgun á almennu sorpi greiðir viðkomandi skipstjóri þann kostnað sem til fellur.

Vegna skipa skv. 11. gr. c laga um varnir gegn mengun hafs og stranda skal greiða eftirfarandi:

Úrgangsgjald:

1. *Úrgangsgjald:* Við komu skips til hafna skal skip greiða 0,83 kr. á brt. Gjald þetta er til þess að standa undir eftirliti og umsýslu hafnar vegna móttöku á sorpi. Lágmarksgjald samkvæmt þessum lið er 7.934 kr. og hámarksgjald 61.023 kr.

2. *Úrgangsgjald:* Gjald skv. 1. lið má lækka ef umhverfisstjórnun, hönnun, búnaður og starfræksla skips er með þeim hætti að skipstjóri geti sýnt fram á að minni úrgangur verði til um borð. Fast gjald verður þá 0,42 kr. á brt. Lágmarksgjald samkvæmt þessum lið er 4.881 kr. og hámarksgjald 30.512 kr.
3. *Úrgangsgjald:* Skip og bátar sem koma oftast en fjórum sinnum til hafnar á almanaksárinu greiða samkvæmt 2. lið fyrir fimmtu komu og komur eftir það.

Förgunargjald:

1. *Förgunargjald:* Óski skipstjóri eða eigandi skips eftir að tekið verði á móti úrgangi frá skipinu skal hann hafa samband við viðurkenndan móttökuaðila skv. ábendingu hafnarinnar eða óska eftir því að höfnin annist móttöku á úrganginum. Lágmarksgjald hafnar fyrir móttöku á úrgangi er 12.815 kr. á hvern rúmmetra og lágmarksgjald er tekið fyrir einn rúmmetra óháð því hvort úrgangi er skilað í land. Skipstjóri og/eða eigandi skips ber ábyrgð á að útfylltu eyðublaði um magn og tegund sorps sé skilað til hafnarinnar, en misbrestur á því getur leitt til tilkynningar til Umhverfisstofnunar.
2. *Förgunargjald:* Skip sem undanþegin eru gjaldskyldu skv. 1. tl. 2. mgr. 17. gr. hafnalaga skulu eftir sem áður greiða fyrir losun sorps og förgun þess ef óskað er eftir þjónustu hafnar eða viðurkennds móttökuaðila eftir gjaldskrá.

Skipstjóri eða eigandi skips sem fengið hefur undanþágu frá Umhverfisstofnun um skil á sorpi eða tilkynningum, skal framvísa gildri staðfestingu þess efnis.

16. gr.

Rafmagnssala.

Rafmagn (landrafmagn) er skv. taxa raf- og dreifiveitna hverju sinni með 17% álagi. Rafmagnstenglagjald, lausir mælar 900 kr. á mánuði, fastir mælar 1.799 kr. á mánuði. Rafmagnstengigjald fyrir flot- og trébryggjur, 5.642 kr. hvert skipti.

17. gr.

Vatnssala.

Fiskibátar og skip greiða 0,22 kr. á hvert kg landaðs afla.

Skip og bátar sem ekki leggja upp afla hjá Hafnasjóði Vesturbyggðar skulu greiða skv. eftirfarandi:

Bátar að 20 brt á mánaðargjaldi, á mánuði	2.500 kr.
Bátar 20-50 brt á mánaðargjaldi, á mánuði	4.500 kr.
Bátar yfir 50 brt á mánaðargjaldi, á mánuði	20.000 kr.

Vatn til skemmtiferðaskipa, 3 bandaríkjadalir á hvert tonn, lágmark 15 tonn. Vatn til annarra skipa, 565 kr. hvert tonn. Vatn sem afgreitt er utan reglubundins vinnutíma reiknast miðað við hvert útkall 19.467 kr.

18. gr.

Vigtargjöld.

Almenn vigtun, 227 kr. á tonn. Lægsta gjald fyrir einstaka vigtun, 500 kr.

Vigtun ökutækja, 2.246 kr. hvert skipti. Urtaksvigtun fyrir löndun úr frystiskípum, 210 kr. á tonn.

Við vigtun sjávarafla frá kl. 18.00 til kl. 21.00 greiðist hálf gjald eða tveggja tíma útkall, 9.734 kr. hver klst. Vigtun utan hefðbundins opnunartíma, sjá 21. gr., önnur þjónusta.

19. gr.

Löndunar-, skráningar-, krana- og aðstöðugjald fyrir oliudætur.

Löndunar-, skráningar- og kranagjöld, 355 kr. á hvert landað tonn. Leiga á kranalykli, 5.070 kr. hvert skipti. Gjald vegna aðstöðu fyrir oliudætur er 183.069 kr. á ári.

20. gr.

Leigugjöld.

Leiga fyrir geymslusvæði á höfn, hvort sem um er að ræða fyrir gáma, veiðarfæri, báta eða annað skal vera 150 kr. á fermetra á mánuði.

Óheimilt er að geyma veiðarfæri og tilheyrandi búnað á hafnarköntum nema með samþykki hafnarvarðar. Heimilt er hafnarvörðum að fjarlægja þannig búnað á kostnað eiganda eða beita sektum allt að 8.643 kr. á sólarhring sé óskum um að fjarlægja hann ekki sinnt.

Húsaleiga með hita og rafmagni, fyrir rými í verbúð er 1.011 kr. á m² og tekur breytingum í samræmi við gjaldskrá hafnarsjóðs.

21. gr.

Önnur þjónusta.

Hefðbundinn opnunartími hafnarvoga er frá 08.00 – 18.00 virka daga. Á öðrum tímum en að ofan greinir skal greiða að lágmarki fjögurra tíma útkall, 9.734 kr. fyrir hverja klst. fyrir þjónustu/vigtun. Heimilt er að deila útkallsgreiðslu á skip, komi fleiri en eitt inn til löndunar. Ef óskað er eftir þjónustu/vigtun á stórhátíðardögum eða sérstökum frídögum er gjald pr. klst. 18.992 kr. hver klst, lágmark 4 klst.

Sé óskað eftir þjónustu hafnar á tímabilinu eftir kl. 22.00 til kl. 08.00 að morgni skal tilkynning um það hafa borist hafnarstarfsmanni á vakt fyrir kl. 22.00 það kvöld. Að öðrum kosti verður þjónustu ekki sinnt fyrr en eftir kl. 08.00 næsta morgun eftir, nema um neyðartilfelli sé að ræða.

Mengunarvaldur skal greiða allan kostnað við hreinsun vegna mengunaróhappa samkvæmt lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda. M.a. getur þar verið um að ræða kostnað vegna vinnu Slökkviliðs Vesturbyggðar, vinnu starfsmanna Hafnasjóðs Vesturbyggðar, kostnað vegna notkunar á búnaði og nauðsynlegum efnum til hreinsunar.

22. gr.

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda. Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina skv. lögum um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteininum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda skipagjaldsins.

Að svo miklu leyti sem í gjaldskrá þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfn og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá sýslumanni eða tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarsjóðs.

Vegna erlendra millifærslna skal greiða 1.192 kr. fyrir hverja millifærslu.

23. gr.

Aðför, lögveð og trygging.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má tryggja með aðför að undangengnum dómi. Lestargjöld og bryggjugjöld eru tryggð með lögveði í viðkomandi skipi eða vátryggingarfé. Gengur það veð fyrir samningsveðskuldum í tvö ár, sbr. ákvæði 2. mgr. 21. gr. hafnalaga nr. 61/2003. Höfnum Vesturbyggðar er heimilt að krefjast frekari trygginga fyrir greiðslu áfallinna gjalda ef ástæða þykir til.

24. gr.

Gildistaka.

Gjaldskrá þessi fyrir Hafnasjóð Vesturbyggðar var samþykkt af hafna- og atvinnumálaráði á 54. fundi 9. nóvember 2023, skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004. Þá var gjaldskráin staðfest af hálfu bæjarstjórnar Vesturbyggðar á 389. fundi 13. desember 2023.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Nr. 1695

13. desember 2023

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá Hafnasjóðs Vesturbyggðar nr. 1499/2022.

Vesturbyggð, 13. desember 2023.

Elfar Steinn Karlsson hafnarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 10. janúar 2024